

Ár 2014, fimmtudaginn 18. desember var símafundur haldinn í stjórn SSNV kl. 16:00.

Mætt til fundar: Adolf H. Berndsen, Valgarður Hilmarsson, Sigríður Svavarsdóttir, Stefán Vagn Stefánsson, Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Dagskrá:

1. Ráðning framkvæmdastjóra
2. Ráðning atvinnuráðgjafa

Afgreiðslur:

1. Alls bárust 14 umsóknir um starf framkvæmdastjóra SSNV. Viðtöl hafa verið tekin við þrjá umsækjendur. Stjórnin samþykkir með fjórum atkvæðum að ráða Berg Elías Ágústsson. Unnur Valborg Hilmarsdóttir situr hjá. Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningi við Berg.
Unnur Valborg Hilmarsdóttir leggur fram eftirfarandi bókun: "Fulltrúi Húnaþings vestra í stjórn SSNV vill í tengslum við ráðningu framkvæmdastjóra áréttu sameiginlegan skilning stjórnarmanna á því að höfuðstöðvar SSNV eru samkvæmt lögum samtakanna á Hvammstanga, þar er og verður bókari samtakanna jafnframt staðsettur og mun nýr framkvæmdastjóri hafa þar fasta viðveru."
2. Samþykkt að ráða atvinnuráðgjafa til starfa á Hvammstanga. Nýjum framkvæmdastjóra verður falið það verkefni þegar hann kemur til starfa.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið kl. 16.30